



HAFNARFJÖRÐUR

Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs- menningar- og mannúðarsamtaka sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til styrks eiga félag og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- er fasteignaeigendur í Hafnarfirði.
- reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í Hafnarfirði, sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara.
- starfsemin skal vera mannúðar- menningar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs.
- um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginsteftu að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallega sem því svarar. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum ef þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun hvers árs. Heimilt er að vísa álitamálu til bæjarráðs.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6.12.2012
Málsnr: 1210662
Bréfal: 111.1

CAC

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

5. gr.

Þau félög sem uppfylla framangreind skilyrði og hafa áður fengið styrk til greiðslu fasteignaskatts hjá Hafnarfjarðarbæ þurfa ekki að sækja um styrkinn ef hann er í fjárhagáætlun ársins. Ársreikningi skal ávallt skila fyrir hvert starfsár og greinargerð um starfsemina fyrir 1. júní ár hvert að öðrum kosti fellur styrkveiting niður.

Aðrir sækja um styrk til greiðslu fasteignaskatts í gegnum Mínar síður á heimasíðu Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is fyrir 1. júní ár hvert.

Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur síðast liðins rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert ef þurfa þykir.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012.


